

	<p><b>Hafstein B. Hafsteinsson vinnuvistfræðingur</b>  <b>Öryggisstjóri ÍAV</b></p>
<p><b>Menntun</b></p>	<p>Vélfræðingur frá Vélskóla Íslands og vinnuvistfræði frá umhverfis- og öryggisskóla bandaríska sjóhersins</p>
<p><b>Vinnustaður</b></p>	<p>Íslenskir aðalverktakar, ÍAV</p>
<p><b>Netfang og/eða farsími</b></p>	<p><a href="mailto:hbhafst@iav.is">hbhafst@iav.is</a></p>
<p><b>Gerðist félagi</b></p>	<p>25. maí 2003</p>
<p><b>Viðfangsefni /starf</b></p>	<p>Starfssvið mitt hefur alla tíð verið vinnuvernd. Fyrst hjá Vinnueftirliti ríkisins í 5 ár, síðan hjá Vinnueftirliti varnaliðsins í 18 ár. Á þessum árum aflaði ég mér þeirrar grunnþekkingar á vinnuverndarmálum sem ég hef notast við í störfum mínum. Sérstaklega var tíminn hjá varnaliðinu mikilvægur þar sem mér bauðst formleg kennsla í vinnuvistfræði hjá bandaríska sjóhernum samfara vinnu. Síðustu ár hafa vinnuverndarstörf mín verið í byggingarbransanum, fyrst hjá verktakafyrirtækinu Bechtel við Fjarðaálsverkefnið og núna sem öryggisstjóri ÍAV, en ég tók við því starfi fyrir rúmu ári. Verkefnið er að byggja enn frekar upp vinnuverndarstarfið í fyrirtækinu þar sem byggt er á áralöngu öryggisstarfi sem meðal annars var hefð fyrir við störf þess á Keflavíkurlflugvelli.</p>
<p><b>Þælingar mínar tengdar vinnuvistfræði</b></p>	<p>Í mörg ár voru stunduð vinnuverndarmál hjá varnaliðinu sem ég kys að kalla hefðbundið vinnueftirlit þ.e.a.s. eftirlit þar sem megináhersla var lögð á formlegt eftirlit eftirlitsmanna og mikið notast við gátlista. Viðkvæðið var „því meira eftirlit því öruggari vinnustaður“. Síðustu árin var komið töluvert annað viðhorf og breyttar áherslur. Í stað aðaláherslu á eftirlit var farið að leggja aukna áherslu á að mæla árangur í vinnuverndarstarfi með því að mæla frávik og þar með að gefa stjórnendum tækifæri til að sjá hver staðan var og hvar möguleikar voru á úrbótum. Með þessu var ekki einungis verið að hamra á því sem var neikvætt og þörf var á að laga heldur var ýtt undir jákvæð viðhorf hjá stjórnendum og starfsmönnum í vinnuverndarmálum.</p> <p>Eftir að ég hóf störf hjá Bechtel varð enn meiri áhersla lögð á þessa jákvæðu þátttöku allra í vinnuverndarstarfinu. Hefðbundin eftirfylgni og eftirlit er viðhaft hjá Bechtel. Fyrir mörgum árum sáu þeir sáu þó að eftirlit eitt og sér dygði ekki til. Þróaður var viðbótaráttur við vinnuverndarstarfið sem fékk heitið Fólksmiðað öryggi (Personal Based Safety). Þessi nálgun gengur út á meiri þátttöku starfsmanna og að enginn sætti sig við að vinna á óöruggan hátt. Þetta viðhorf til vinnuverndar kalla þeir „hugmyndfræði um slysalausan vinnustað“ eða „Zero accident philosophy“.</p>

	<p>Það er sannfæring mín að nauðsynlegt sé að heimfæra þessa hugmyndafræði á vinnustaði hér á landi. Lykillinn að því er vilji allra stjórnenda til að bæta vinnuvernd, að þeir sætti sig ekki við óásættanlega áhættuhegðun, geri áhættugreiningu í fyrirtækjum og fræði starfsmenn um rétt vinnubrögð.</p>
<p><b>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</b></p>	<p>Að ferðast um landið með fjölskyldunni, hálendisferðir á jeppum og björgunarstörf hafa verið mínar ær og kýr í gegnum tíðina. Fyrstu nánu kynni mín af yndislega landinu okkar var þegar ég fór í fyrstu fjallaferðina með hjálparsveit sem ég gerðist félagi í 16 ára. Það hefur aldrei horfið mér úr minni hvað mér fannst umhverfið sérstakt þegar ég kom fyrst í Landmannalaugar. Það virtist eins og hraunið aftan við skálann væri á hreyfingu þar sem það gnæfði yfir skálanum. Að sjá litadýrðina í Brennisteinsöldunni þegar við gengum þangað og síðan hið víðfermda útsýni þegar upp á fjallið Hatt var komið. Þessi upplifun var það sterk að hvenær sem ég kem í Landmannalaugar þá rifjast upp þessi tilfinning og endurnýjast. Eftir þessi kynni mín af hálendinu var þess ekki langt að bíða að ég fór einnig að fara sjálfur á fjöll, fyrst með öðrum jeppaáhugamönnum og síðar á eigin faratæki. Þessi áhugi á fjallaferðum hefur haldist alla tíð síðan og ég hef ekki átt ófáa jeppa í gegnum tíðina. Ég hef gert breytingar á öllum þessum farkostum til þess að koma stærri dekkjum undir bílana með því markmiði að komast lengra og þá sérstaklega í snjó. Mikil þáttaskil urðu hér á landi þegar menn fóru að ferðast á jeppum uppá fjöll um miðjan vetur. Forsendan var að setja stór dekk á bílana og keyra ofan á snjónum frekar en að reyna að keyra í gegnum skaflana. Þess háttar ferðamennska hefur gert mér kleift að komast á mjög einangraða og sérstaka staði eins og Grímsfjall á Vatnajökli og Hornbjargsvita við Látravík. Fátt er notalegra en að vera á fjöllum um miðjan vetur í frosti og stillu og heyra snjóinn marra undir fótum sér. Þegar ekki er verið að ferðast um hálendið fer tíminn einna helst í rólegar samverustundir með fjölskyldu og vinum.</p>